

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands
vt. Unnur Gunnarsdóttir
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavíks


Reykjavík, 12. apríl 2022

Efni: Rannsókn Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Bankasýsla ríkisins fer með 42,5% eignarhlut í Íslandsbanka hf. eftir lokað útboð til hæfra fjárfesta sem fram fór þann 22. mars sl. og leiddi til sölu á 22,5% eignarhlut ríkisins í bankanum („útboðið“). Í fjölmiðlum í gær kom fram að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands („Fjármálaeftirlitið“) hefði hafið athugun á tilteknum þáttum tengdum útboðinu og að rannsóknin snúist að starfsháttum söluráðgjafa en ekki störfum Bankasýslu ríkisins. Mikil umfjöllun hefur verið í fjölmiðlum um útboðið á síðustu vikum. Meðal annars hafa komið fram fréttir varðandi hvort kaupendur hafi uppfyllt lagaskilyrði um að teljast hæfur fjárfestir í útboðinu sem og mögulegum hagsmunarárekstrum hjá söluráðgjöfum, t.d. vegna kaupa starfsmanna eða tengdra aðila á eignarhlutum. Jafnframt hafa komið fram athugasemdir um mögulega markaðsmisnotkun af hálfu þingmannsins Björns Leví Gunnarssonar, með vísan til þess að verð á hlutum í Íslandsbanka hafi lækkað skarpt í aðdraganda útboðsins.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 88/2009 og gegnir hlutverki í sölumeðferð þeirra skv. lögum nr. 155/2012. Hvergi í þeim lögum hefur stofnunin heimildir til eftirgrennslan eða athugunar á framangreindum atriðum. Fjármálaeftirlitið hefur aftur á móti slíkar heimildir skv. lögum. Bankasýsla ríkisins fagnar þessari athugun. Mikilvægi þess að skapa traust og tiltrú á sölumeðferð á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka verður seint ofmetið. Bankasýsla ríkisins býður fram alla sína aðstoð og upplýsingar sem varpað geta nánari ljósi á útboðið, sé eftir því er óskað. Sérstök athygli er þó vakin á því í tengslum við framangreindar athugasemdir um mögulega markaðsmisnotkun að á hluthafafundi þann 17. mars sl. var ákveðin arðgreiðsla sem nam 5,95 kr. per hlut. Arðleysisdagur var 18. mars sem skýrir að langmestu þá verðlækkun sem varð fyrir útboðið þann 22. mars sl.

Virðingarfyllst,



Jón G. Jónsson, forstjóri